

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1979

Nr. 3.

4

2. mars 1979.

## L Ö G

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febrúar 1976.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5% af f.o.b. verðmæti útflutnings.

### 2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild .....	19.5%
b) Áhafnadeild .....	31.0—
2. Til greiðslu á váttryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	25.0—
3. Til Fiskveiðisjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Lánastarfsemi .....	20.0—
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs .....	1.0—
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	2.5—
5. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.5—
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	0.5—
	<hr/>
Samtals	100.0%

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok febrúarmánaðar 1979.

Ákvæði laga þessara gilda til ársloka 1979. Frá 1. janúar 1980 gilda eldri ákvæði laga nr. 5/1976.

*Gjört að Bessastöðum 2. mars 1979.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Kjartan Jóhannsson.*